



Umhverfisnefndarfundur 26. Janúar 2017

Mættir: Sírý, Haukur, Alexandra, Óðinn Þór, Kristín Ágústa, Tryggvi Hrafn, Magnús Örn, Alexíus Máni, Jörundur, Árún Emma, Kristófer Hrafn, Magnús Veigar, Oliwia, Tina, Elín Victoría og Reimar Atli

- Fundur var settur
- Byrjað var á að ræða endurnýjun Grænfána.
 - Hvað er það?
 - Sírý fræðir nefndina um það hvað við þurfum að gera til þess að geta fengið fánann endurnýjaðan á 2ja ára fresti. Sírý fer líka aðeins yfir skrefin sem þarf að taka til þess að fá endurnýjun. Allir sammála að við séum á mjög góðri leið ☺
 - Fórum yfir öll markmiðin okkar og mátum hvernig okkur er að ganga.
 - Úrgangur:
 - Að börnin læri um tilgang og framkvæmd flokkunar! – gengur vel, allir duglegir að flokka og vita hvað á að fara hvert.
 - Að börnin viti hvað sé gert við flokkaðan úrgang frá því hann fer frá okkur og þar til hann er endurunninn. – Þetta gengur líka vel, erum búin að fræðast um endurvinnslu pappírs og plasts og í næstu viku á að fræðast um endurvinnslu málma.
 - Einn drengur kom með skemmtilega sögu um dauðan fugl sem kötturinn hans hafið komið með heim. Og svo sagði hann okkur að mamma hans hefði sett hann í lífræna ruslið (hörputurninn). Þá hófst umræða um það hvað sé lífrænt.
 - Lífbreytileiki:
 - Að börnin læri að þekkja lífríkið í umhverfi sínu s.s. bæði gróður og dýr.- Við vorum mjög dugleg að fylgjast með öllu lífríki í kringum okkur frá apríl fram í október. Svo förum við á fullt aftur í apríl. Fram að því fylgjumst við með fuglunum.
 - Að fódra fugla í vetrarhörkum – við erum dugleg að fódra smáfuglana í vetrarhörkunum. Erum búin að hengja kúlur í trén

og gefum þeim líka fuglafóður á stéttina. Báðir hópar ætla að klára að útfæra nýju hugmyndina um fóðurstand fyrir krummana. Svo sungu börnin „Frost er úti fuglinn minn“. Þetta lag minnir okkur á að gefa fuglunum.

▪ Átthagar:

- Að börnin læri að þekkja nærumhverfi leikskólans – gengur vel. Öll börnin með fjöllin á hreinu. Ætlum aðeins að rifja upp nöfnin á bæjunum í kring. Börnin í Skósveinahópi eru búin að vera að vinna í átthagaverkefni þar sem þau bjuggu til kort af Brautarholti og átthögum þess. Mjög flott (sjá skýrslu)

- Fundi slitið